

Sp.

514. Fyrirspurnir.

[239. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um kjarnfóðurinnflutning.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hve mikill er kjarnfóðurinnflutningurinn orðinn frá 1. sept. s. l. að telja að magni og verðgildi og hve mikinn gjaldeyri hefur þjóðin orðið að greiða fyrir hann?

II. Til viðskiptaráðherra um hækkun á verðlagi.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hverjar hækkunir hafa orðið á einstökum vörum og þjónustuliðum, síðan kjarasamningar voru gerðir 4. desember 1971?
2. Hver áhrif hafa þessar hækkunir haft á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu?
3. Hversu miklar eru þær hækkunir, sem hafa ekki enn komið fram í hækkunum kaupgjaldi, þ. e. hversu mikilli hækkun munu þær valda á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu?
4. Hverjar eru helztu beiðnir um verðhækkunir, sem bornar hafa verið fram við verðlagsyfirvöld, en afstaða hefur ekki verið tekin til?